

26/1958 og 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Einnig ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Jónsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti hann varðhaldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 35/1961. **M** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

K (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun barnsfaðernismáls.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. febrúar 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m. og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Í hinum áfrýjaða dómi eru málsatvik alls eigi rakin, og eigi metin svo sem vera ber í barnsfaðernismáli. Er þessi meðferð brýnt brot á meginreglum 1. mgr. 193. gr. og 214. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á dóm-

um verður að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en laun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Laun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 11. apríl 1959.

Árið 1959, laugardaginn 11. apríl, var á bæjarþingi Seyðisfjarðar, sem haldið var af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta á skrifstofu hans, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 1/1958, barnsfaðernismálinu: K gegn M, sem dómtekið var í gær.

Mál þetta er með stefnu, útgefinni 20. nóvember 1958, höfðað af K gegn M. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur faðir barnsins X, sem hún ól 18. febrúar 1957, og til greiðslu meðlags með barninu, til greiðslu fæðingarstyrks og til greiðslu tryggingargjalds hennar fyrir árið 1957 auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt ákvæðum 118. greinar laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykja málssóknarlaun lögfræðings stefnanda hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, M, skal teljast faðir barnsins X, sem stefnandi, K, ól 18. febrúar 1957. Skal stefndi greiða meðlag með barninu

frá fæðingu, fæðingarstyrk svo og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1957, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Stefndi greiði 2870 krónur í málskostnað. Er þar meðtalin þóknun talsmanns stefnanda, Jóns Þorlákssonar lögfræðings, 2000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 208/1960. **Ákærvaldið** (Logi Einarsson hdl.)

gegn

Einari Pálssyni (Gunnar A. Pálsson hrl.)

Péttri Eggerz Péturssyni

(Eyjólfur K. Jónsson hdl.)

Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og

Knud Alfred Hansen (Haukur Jónsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson og Lárus Jóhannesson.
Einar Arnalds borgardómari, Magnús P. Toríason prófessor og
Theodór B. Lindal prófessor.

Brot í opinberu starfi. Fjárdráttur. Rangar skýrslur. Ákæru-
reglur. Frávísun skaðabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu og endurrit þeirra ásamt mörgum nýjum máls-
gögnum lögð fram í Hæstarétti.

Í I. lið ákæruskjals, sem út var gefið 15. júní 1960, eru ákærðu Einar Pálsson og Pétur Eggerz Pétursson meðal annars sakaðir um misferli með „eina örk eða 100 stykki af 40 aura frímerkjum, prentuðum 1898/1899 eða 1904, með breyttu vatnsmerki, fjólubláum að lit, og felur mynd þeirra